

Stóra-Núpi 1, 19. Mars 2014

Athugasemdir vegna tillögu verkefnastjórnar 3. áfanga rammaáætlunar.

Sem íbúi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi gerir undirritaður alvarlegar athugasemdir við tillögu verkefnastjórnar 3. áfanga rammaáætlunar um að færa Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk.

Með virkjun í miðju landbúnaðarhéraði er þrengt að landbúnaðar- og ferðaþjónustu á svæðinu og uppbyggingu í greinunum.

Fyrirhuguð framkvæmd mun skerða gæði og möguleika í ferðaþjónustu á svæðinu þar sem framkvæmdir myndu breyta ásjónblómlegs landbúnaðarhéraðs með stærðar stíflumannvirkjum og lóni þar sem áður voru eyjar í á. Tækifærum í uppbyggingu í landbúnaði er ógnað þar sem mikið landbúnaðarland og þar á meðal ræktað land færu undir framkvæmdirnar.

Fremur ætti að efla innviði þeirra greina sem hér eru nefndar, þar sem störf tengd þeim greinum sem mundu leiða til fjölgunar íbúa á svæðinu til lengri tíma en þekkt er að virkjanir nú til dags krefjast afar lítils mannafla nema rétt á meðan á framkvæmdartíma stendur. Eðlilegra væri að horfa til lengri tíma í þessum efnum.

Undirritaður mótmælir því að Hvammsvirkjun færist úr biðflokki í nýtingarflokk og hvetur til að færðar séu sættir í umrætt samfélag og að svæðið fari í verndarflokk eða að öðrum kosti verði áfram í biðflokki.

Virðingarfyllst,

Gunnar Sigfús Jónsson

070385-2529